



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

OPID HÚS Á BESSASTÖÐUM Á SAFNANÓTT

Í tilefni Safnanætur á Vetrarhátíð verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi föstudagskvöldið 7. febrúar. Forseti tekur á móti gestum og býðst fólki að skoða staðinn milli klukkan 18:00 og 22:00.

Bessastaðir eiga sér merka sögu. Auk Bessastaðastofu, sem byggð var á 18. öld, munu gestir geta skoðað móttökusal og bókhöðu forsetasetursins sem eru síðari tíma viðbyggingar. Í húsinu má meðal annars sjá úrval myndlistar eftir íslenska listamenn og sýnishorn gjafa sem borist hafa forsetum lýðveldisins. Þá verða til sýnis dæmi um mannvistarleifar sem fundist hafa við fornleifarannsóknir og veita innsýn í búsetu á Bessastöðum allt frá landnámstíð. Að þessu sinni verður Bessastaðakirkja lokuð vegna framkvæmda og fornleifauppgrafter. Eins verður fornleifakjallarinn lokaður.

Á gafli Bessastaðakirkju verður varpað myndefni frá Kvikmyndasafni Íslands af íslensku mannlífi í forsetatíð nokkurra fyrrverandi forseta. Fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, stendur í hlaði ef veður leyfir en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta og aðstoðarmenn veita upplýsingar um staðinn og verða gestum til aðstoðar.

6. febrúar 2025

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400).